

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 13. september 2019.



22. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Edvard H. Huijbens (á fjarfundi), Bjarni Jónsson (á fjarfundi), Ingibjörg Þórðardóttir (á fjarfundi), Álfheiður Ingadóttir, Daníel E. Arnarson, Rúnar Gíslason, Einar Bergmundur Þ. Bóasarson, Ragnar Karl Jóhannsson, Ingvar Arnarsson, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé (þingflokkur), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm (UVG), Þóra Elfa Björnsson (EVG).

F.h. Starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Þjörnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson, Kári Gautason og Lís Kristjánsdóttir.

Fundur settur kl. 15.20.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundargerðar lögð fram.
Fundargerð samþykkt.
2. Lagabreytingar.
Lagabreytingarnefnd starfar í umboði stjórnar, í henni sitja Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Jónsson og Björg Eva Erlendsdóttir. Katrín kynnir tillögu lagabreytingarnefndar að lagabreytingum fyrir landsfund, umræður um framkomna tillögu nefndarinnar. Reglur um uppstillingu og forval hafa verið til skoðunar í lagabreytingarnefnd en þeirri vinnu er ekki lokið. Lagabreytingarnefnd falið að ganga frá lagabreytingum í kjölfar umræðna.
3. Landsfundur.
 - a) Dagskrá.
Drög að dagskrá landsfundar kynnt og umræður um drögin. Fara þarf yfir drögin með tilliti til tímasetninga. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá endanlegri dagskrá fundarins í samráði við formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

- b) Fjárhagsáætlun.
Björg Eva kynnir drög að fjárhagsáætlun fyrir landsfund. Tillaga um landsfundargjald lagt fram. Lagt til að landsfundargjaldið verði kr. 6.000 og lægra gjald fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara verði kr. 4.000. Tillagan samþykkt. Sérstakt gjald verður síðan á landsfundargleðina.
- c) Rafræn kosning á landsfundi.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að gera verðkönnun á rafrænni kosningu á landsfundi. Talning hefur oft tafið fundi og ekki liggur fyrir niðurstaða um kosningu í flokksráð þegar fundi er slitið. Tilboð liggur fyrir frá Könnuði ehf. Umræður um framkomio tilboð. Tilboðið samþykkt.
- d) Starfsfólk og sjálfboðaliðar á landsfundi.
Rætt um starfsfólk fundarins. Formanni falið að ganga frá starfsfólki fundarins í samráði við framkvæmdastjóra. Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið fram að landsfundi. Þær Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm og Sigrún Birna Steinarsdóttir. Bjarki Þór Grönfelt verður síðan starfandi á á fundinum sjálfum.
- e) Staðan á svæðisfélögum.
Svæðisfélög eru nú í óða önn að finna landsfundarfulltrúa. Mikivægt er að allir sem hafa áhuga á að mæta á landsfund sendi meldingu á formann í sínu svæðisfélagi.
- f) Málefnaþópar.
Skil málefnaþópa eru á morgun, laugardaginn 14. september. Ritstjórn tekur til starfa um leið og þópar skila af sér og vinnur gögnin áfram fram að lokaskilum f. landsfund sem er föstudaginn 20. september nk.
- g) Ályktanir.
Frestur til að skila ályktunum er fjórum vikum f. landsfund eða þann 20. september nk. Mikilvægt að forvinna vel og vísa til málefnaþópa í samráði við flutningsmenn, ritstjórn stýrir þeirri vinnu í samráði við skrifstofu.

4. Ályktun frá landsfundi 2017 sem beint var til stjórnar.
Lagt til að hópur um nýsköpunarmál verði stofnaður á landsfundi í takt við landsfundarályktun sem samþykkt var 2017.
5. Stjórnmalaskóli VG.
Verið er að vinna að stjórnmalaskóla VG sem starfræktur verður í vetur.
Fyrsti kvöld stjórnmalaskólans verður þann 25. september nk.
6. Önnur mál.
 - a. Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 27. september.
 - b. Sveitarstjórnarráð VG – Bjarni Jónsson gerir grein fyrir starfi sveitarstjórnarráðs og starfsárinu framundan.

Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hom vék af fundi kl. 16.45.

Kolbeinn Óttarsson Próppé fulltrúi þingflokks tók sæti á fundinum k. 16.50.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 17.00.

7. Stjórnmalástandið.
Katrín fer yfir stjórnmalástandið í upphafi þingvetrar ásamt fulltrúa þingflokks. Umræður um stjórnmalástandið og þingveturinn framundan.

Edward H. Huijbens vék af fundi kl. 17.25.

Fundi slitið kl. 18.18.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 27. september kl. 15.00.